

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af gagnavinnsluvélum o. fl.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 3.17 í 6. gr. fjárlaga nr. 133 31. desember 1984, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EEB) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

12. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollfyrivöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan tólf mánaða frá komudegi flutningsfars er flutti vörunar til landsins.

Tollyfirvöldum er heimilt að veita EUR. 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure“) eða óvenjulegar aðstæður.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.